

## REGLUGERÐ

### um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

#### 1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar, samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggja lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem eiga rétt eða hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

#### 2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“, og auðkennd merkinu 1/1 í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Astma (aðeins innúðalyf) .....	32. flokkur
b. Gláka .....	45. flokkur E
c. Berklaveiki .....	4. flokkur P
d. Langvarandi brisirtilsbólga .....	27. flokkur A
e. Flogaveiki .....	34. flokkur
f. Hjartasjúkdómar .....	14. flokkur og
	31. flokkur A og B
g. Skjaldkirtilssjúkdómar .....	43. flokkur
h. Sykursýki .....	5. flokkur
i. Vöðvaslénufár, (Myasthenia gravis) .....	10. flokkur B
j. Þvaghlaup (Diabetes insipidus) .....	25. flokkur E

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu þau talin í tilgreindum flokkum ofangreinds rits og auðkennd merkinu (1/1) í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Eirsýki (mb. Addisonii) .....	25. flokkur F og
	3. flokkur K
b. Geðveiki (antidepressiva og psychososedativa) .....	13. flokkur og
	36. flokkur
c. Parkinsonssjúkdómur .....	20. flokkur
d. Psoriasis og exem .....	50. flokkur C

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskirteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skirteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkur lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

**3. gr.**

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 125 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

**4. gr.**

Lyf, sem ekki falla undir skilgreiningu 2. og 3. gr. eru:

1. Lyf, sem talin eru til 7. flokks: E<sub>3</sub>, E<sub>4</sub>, E<sub>5</sub>, E<sub>6</sub> og E<sub>7</sub>, 12. flokks og 48. flokks: C í ritinu „Lyf á Íslandi“.
2. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrá, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra samkvæmt reglum 2. og 3. gr.

**5. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum 8. maí 1974, og öðlast gildi 15. júní 1974.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

***Almar Grímsson.***